

Umsókn um starfsleyfi:

10.1.

Rekstraraðili er Arnarlax ehf. kt. 580310-0600 til heimilis að Strandgötu 7. 465 Bíldudal.

10.2.

a) Starfsleyfi fyrir 3000 tonna laxeldi á þremur mismunandi stöðum (þrjár kynslóðir) í Arnarfirði. Sjá nánar meðfylgjandi kort.

b) Staðfest deiliskipulag er ekki til hjá Vesturbyggð og Ísafjarðabæ yfir athafnasvæði Arnarlax ehf enda staðsetningar utan umráðasvæðis sveitarfélaga.

c) Vísað í tilkynningu okkar í kafla 3.1 og 3.2

d) Vísað í kafla 5.1

e) Varðandi frárennismál þá gerir Arnarlax ráð fyrir að starfsmannaaðstaða verði tengd frárenniskerfi bæjarins. Annað frárennsli eins og frá vinnslu og slátrun verður í samræmi við reglugerðir og lög. Arnarlax gerir ráð fyrir að kaupa eða leigja vinnsluhúsnæði á Bíldudal eða byggja nýtt undir starfsemi og þá að sækja um sérstaklega öll þau leyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins í landi og uppfylla öll skilyrði varðandi frárennsli og mengunarvarnir samkvæmt lögum um slíka starfsemi. Annars vísað í kafla 2.4

f) Rekstraraðili mun nota bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir. Eins mun markviss fóðurgjöf og vöktun vera til staðar til að hindra eða draga úr losun. Einnig mun fyrirtækið farga dauðum fiski samkvæmt lögum og hjá viðurkenndum aðilum þegar þar að kemur.

g) Gerð verður vöktunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og skal þar m.a. vera áætlun um sýnatökustaði og tíðni sýnatöku og áætlun um töku botnsýna til samanburðar áður en starfsemi hefst.

h) Rekstraraðili hefur reglulegt eftirlit með umhverfis og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun út í umhverfið. Arnarlax mun skrá eftirfarandi atriði sem verða aðgengilegar eftirlitsaðila.

- Veðurfar
- Framleiðslumagn og afföll
- Fóðurnotkun og fóðurgerð
- Magn og gerð hreinsiefna, sóttthreinsiefna og lyfja sem notuð eru á árinu.
- Kvartana vegna starfseminnar

i) Vísað í kafla 2.4

j) Vísað í kafla 2.4

k) Ef endurnotkunar og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal rekstraraðili koma slíkum úrgangi í slíka vinnslu. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndar förgunar í þar til gerðum ílátum sem eru þrífni eftir notkun. Spilliefni og lyfjaleifum skal komið til viðurkenndar spilliefnamóttöku. Eldisnætur þarf að þvo og baða einu sinni eða tvisvar á ári eða eftir þörfum og ekki verður notast við nein efni við þvott. Óhreinar nætur verða teknar á land og háþrísti þvegnar með hreinu vatni eða sjó og þurrkað þær síðan.

10.3 Samantekt

Rekstraraðili mun beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því fellst að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins ásamt aðgerðum til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja svo að draga úr losun þessara efna út í umhverfið. Fyllsta öryggis skal gætt við umferð báta í nágrenni við kvíarnar. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

F.h. Arnarlax ehf

Strandgötu 7. 465 Bíldudal

Víkingur Gunnarsson

Sími 6189805